

### Markmið:

Þjálfun í 5 meginþáttum tungumálsins:  
Reading comprehension - lesskilningur  
Writing skills – Þjálfun í ritun  
Listening skills – Hlustun/skilningur á töluðu máli  
Speaking skills - Talað mál/þjálfun  
Grammar and usage - málfræði og málnotkun í öllum fyrrgreindum þáttum

### Kennsluáferðir/vinnulag:

Nemendur lesa ýmiskonar texta til þess að þjálfna lesskilning og sýna skilning með því að svara spurningum, skrifa spurningar sjálfir, skrifa útdrætti og vinna með orðaforða  
Nemendur hlusta á ýmiskonar hlustunarefni, bæði tilbúið efni fyrir skóla og efni sem fengið er á vefsíðum og öðrum miðlum.  
Nemendur skrifa frásagnir og sögur ásamt því að þýða úr íslensku yfir á ensku í þeim tilgangi að auka við orðaforða  
Nemendur kynna verkefni sín á ensku og er ætlað að nota ensku til samskipta í kennslustofu.  
Þjálfun í málfræði og málnotkun fer bæði fram á hefðbundinn máta með verkefnavinnu og í gegnum ritun og lestur.

### Námsmat:

Námsmat fer fram með símati verkefna. Einnig eru nemendur prófaðir með formlegum prófum í vissum þáttum. Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor. Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár.

### Námshgögn:

Spotlight 8 Textbook & workbook.  
Texti úr bókum og af netinu (dagblöð-vefsíður).  
Hlustunarefni af ýmsu tagi: tilbúið (kennslubókar)efni og efni sem tekið er af neti, auk þátta og kvikmynda.  
Málfræði og málnotkunarefni úr kennslubókum og af vefsíðum, vinnum aðallega í smáforritum eins og: Quizlet, flipgrid, kahoot og classkick.